

Reglugerð meistaramóts 2021

1. grein

GO gengst árlega fyrir meistaramóti í flokkum karla og kvenna, öldungaflokki karla og kvenna og unglunga/barna flokkum.

2. grein

Stjórn GO skal hafa yfirumsjón með framkvæmd mótsins og ákveður þátttökugjöld.

Formaður mótanefndar skal skipa mótsstjórn og a.m.k. skipa einn landsdómara og einn héraðsdómara við mótið.

3. grein

Mótsstjórn ákveður staðarreglur, af hvaða teigum skuli leikið og jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar,

holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fella niður og eða fresta umferð eða umferðum vegna veðurs.

Staðarreglur og keppnisáskilmálar skulu vera auglýstar á heimasíðu og vera sýnilegar í golfskála.

4. grein

Leika skal eftir reglum Royal and Ancient Golf Club of St. Andrew's og farið eftir þeirra reglum um notkun bolta og úrslit móts.

Ef tveir eða fleiri leikmenn í verðlaunasætum í högggleik verða jafnir í sínum flokki skal leika bráðabana.

Þar sem leikin er punktakeppni skal telja fyrst seinni níu holur, því næst sex holur, þá þrjár holur, loks eina holu, fyrst 18 því næst 17

og áfram þangað til úrslit fást með fleiri punktum á holu. Ef það dugir ekki skal hlutkesti ráða.

Hlutkesti telst vera, að kasta pening eða draga úr spilum. Veita skal verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti í hverjum flokki.

Mótsstjórn er heimilt að veita fleiri verðlaun í barnaflokkum.

5. grein

Mótsstjórn raðar keppendum í rástíma á fyrsta degi mótsins í hverjum flokki, hámark þrjár saman í holli **og er raðað eftir hendingu (random).**

Rásröð leikmanna ákvarðast síðan þannig að lægsta skor eða flestir punktar hljóta síðasta rástíma í hverjum flokki og síðan koll af kolli.

Mótsstjórn veitir engar undanþágur um rástíma eða rásröð.

6. grein

Keppt skal í eftirtöldum flokkum og leikið af eftirtöldum teigum án forgjafar í högggleik og með forgjöf í punktakeppni.

• M.fl. kvenna	• grunnforgjöf - 0 - 10,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 49
• 1. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 10,1 - 18,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 46
• 2. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 18,1 - 25,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 46
• 3. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 25,1 - 35,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• 4. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 35,1 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• Konur 50 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 46
• Konur 50 – 64 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• Konur 65+	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• M.fl. karla	• grunnforgjöf - +8 - 5,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 58
• 1. flokkur karla	• grunnforgjöf - 5,1 - 10,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 2. flokkur karla	• grunnforgjöf - 10,1 - 15,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 3. flokkur karla	• grunnforgjöf - 15,1 - 20,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 4. flokkur karla	• grunnforgjöf - 20,1 - 25,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 49
• 5. flokkur karla	• grunnforgjöf - 25,1 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• Karlar 50 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 54
• Karlar 50 – 64 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 54
• Karlar 65+	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• Unglingar 16-18 ára	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 54
• Unglingar 14-15 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 54/49
• Unglingar 11-13 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 36 holu punktkeppni	• Teigar 49/46

• Börn 10 ára og yngri	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 18 holu punktkeppni	• Teigar 46
------------------------	---------------------------	-----------------------	-------------

- Klúbbmeistarar eru sigurvegarar í meistaraflokki karla og kvenna. Aðrir eru meistarar síns flokks.
- Komi til þess að meistaraflokkur falli niður er klúbbmeistari sigurvegari efsta flokks (lægsta forgjöf) karla og kvenna.
- Mótsstjórn er heimilt að endurskoða leikteiga og annað í samræmi við breytingar á flokkum.
- ***Mótsstjórn er heimilt að leyfa keppendum í 1. flokki karla og kvenna að færa sig upp í meistaraflokk þó forgjöf leikmanns sé ekki í samræmi við grunnforgjöf skv. flokkaskiptingu.***
- Keppendur í meistaraflokki (efsta flokki/lægsta forgjöf) karla og kvenna er ekki heimilt að leika á golfbílum. Undanþágu má veita ef læknisvottorði er framvísað.

7. grein

Sé þátttaka í einstaka flokkum ekki nægilega mikil þá hefur mótsstjórn rétt til þess að sameina flokka eða breyta forgjafarmörkum milli flokka.

Ef þátttakendur eru færri en 4 í einstökum flokkum þá falla þeir flokkar niður.